



Reykjavíkurborg
Umhverfissvið

LEYFI

til að starfrækja vélsmíði og vélaviðgerðir, spennaviðgerðir, trésmíðaverkstæði og málningarverkstæði að Bæjarhálsi 1.

Nafn leyfishafa: Orkuveita Reykjavíkur

Heimilisfang: Bæjarhálsi 1

Póstnr. 110

Kennitala: 551298-3029

Útgáfudagur leyfis: 13. sept. 2005

Gildir til: 13. sept. 2013

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða.

Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga og laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni og reglugerða settum samkvæmt þeim. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er gefið út með meðfylgjandi starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi samþykktum í Umhverfis- og heilbrigðisnefnd 29. feb. 2000.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Umhverfissvið Reykjavíkur. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Ef starfsleyfið er gefið út til lengri tíma en fjögurra ára er heimilt að endurskoða það á fjögurra ára fresti. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 13. september 2005

